

5. mars 2007  
SI-32753

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 27. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um vísitölu neysluverðs, 576. mál, viðmiðunartími, EES-reglur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að vísitala neysluverðs verði reiknuð miðað við verð um miðjan mánuð í stað verðs í upphafi mánaðar eins og verið hefur. Ástæða breytingarinnar er sú að við gildistöku reglugerðar ESB (nr. 701/2006) hinn 1. janúar 2008, um að samræma tíma verðsöfnunar fyrir samræmda vísitölu neysluverðs, er nauðsynlegt að laga verðsöfnunartíma vísitölu neysluverðs að hinum nýju Evrópu-ákvæðum þar sem ekki kemur til álita hér á landi að reikna tvær mismunandi neysluverðsvísitölur í hverjum mánuði.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið og styður samþykkt þess.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson  
bankastjóri